

Alþingi,
Nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 9. júní 2015
2015060001

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun klasastefnu, 415. mál

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. júní 2015.

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni þingsályktunartillögunnar. Samtökin styðja tillöguna og leggja til að hún verði samþykkt. Það er jákvætt að stjórnvöld nýti sér kosti klasahugmyndafræðinnar til að efla og styrkja stoðkerfi atvinnulífsins og efla nýsköpun. Mörg dæmi, bæði hér heima og erlendis, eru um góðan árangur af klasasamstarfi og má nefna Sjávarklasann sem dæmi.

Bændasamtökin vilja þó leggja áherslu á að stefnumótun sem þessi sé samræmd annari stefnumótun stjórnvalda á sama sviði, þ.e. áætlun Vísinda- og tækniráðs eins og fram kemur í tillögunni, en einnig byggðaáætlun, sóknaráætlunum landshluta og öðrum þeim áherslum sem taka til þeirra verkefna sem tillagan fjallar um. Þá leggja Bændasamtökin áherslu á að hugað verði að fjármögnun þeirra verkefna sem lagt er til að ráðist verði í.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. júní 2015

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun klasastefnu (415. mál)

Viðskiptaráð þakkar atvinnuveganefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Með henni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa starfshóp með það hlutverk að móta opinbera klasastefnu. Lagt er til að klasastefnan verði mótuð í tengslum við stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2014–2016. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis með niðurstöðum starfshópsins fyrir árslok 2015.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að markmið nýrrar klasastefnu yrðu eftirfarandi:

- a. að ráðstafa fjármunum til atvinnuuppbyggingar og byggðapróunar með markvissum hætti,
- b. að efla samvinnu vísinda og atvinnulífs,
- c. að efla nýsköpun,
- d. að efla samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnugreina og þjóðarinnar,
- e. að efla hagsæld.

Viðskiptaráð styður markmið þingsályktunartillögunnar. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að ávinningur klasasamstarfs á borð við það sem þingsályktunartillagan kveður á um getur verið umtalsverður. Að mati Viðskiptaráðs skiptir útfærsla klasastefnunnar miklu máli en lykilatriði er að framkvæmd slíkrar stefnu sé að sem mestu leyti á höndum atvinnulífsins sjálfs. Eins þarf hlutverk opinberra aðila að vera vel afmarkað og takmarkast við setningu lagaramma og eftirfylgni.

Loks leggur Viðskiptaráð áherslu á að aðhalds verði gætt í tengslum við útgjöld hins opinbera vegna ofangreindrar stefnumótunar.

Viðskiptaráð leggur til að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands